



# Stefna Heilbrigðisvísindasviðs 2016-2021



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

## **Stefna Heilbrigðisvísindasviðs 2016-2021**

Heilbrigðisvísindasvið gegnir lykilhlutverki í að mennta hæft fólk til starfa í heilbrigðisþjónustu landsmanna og til að taka þátt í uppbyggingu og rekstri heilbrigðiskerfis sem þjóðin treystir á. HVS hefur því þungar og brýnar skyldur við íslenskt samfélag. Helsti þröskuldur sviðsins við að rækja skyldur sínar er ófullnægjandi húsnæði. Enn er beðið eftir byggingu nýs Landspítala sem ætlað er að hýsa starfsemi HVS og nokkuð ljóst að hann mun ekki rísa á næstu fimm árum. Húsnæðismál eru því ekki til sérstakrar umfjöllunar í stefnu sviðsins 2016-2021 en hún byggir á stefnumótun Háskóla Íslands og er hluti af henni. Þar segir m.a. að áhersla verði lögð á framtíðarhúsnæði fyrir heilbrigðisvísindi í tengslum við byggingu nýs Landspítala. HVS styður heils hugur það verkefni. Gildi Háskóla Íslands, akademískt frelsi, jafnrétti og fagmennska eru höfð að leiðarljósi í stefnu HVS. Einnig áherslur HÍ á framsækna sýn á nám og kennslu, sterka rannsóknainnviði og að tekist sé á við áskoranir samtímans, að vera eftirsóttur og metnaðarfullur vinnustaður sem laðar til sín hæft starfsfólk og nemendur í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi auk þess að leggja áherslu á gæðamenningu og skilvirka upplýsingatækni. Stefna og starf HVS er háð nægilegri fjármögnun en það hefur lengi verið baráttumál hjá sviðinu að eðli og umfang kennslu heilbrigðisvísindagreina sé viðurkennt. Í þessu skjali birtast áherslur HVS til næstu fimm ára í fjórum köflum:

1. Nám og kennsla
2. Rannsóknir
3. Virk þátttaka
4. Mannauður

## 1. Nám og kennsla

Markmið	Nr.	Aðgerðir	Forgangur
Gæði náms og kennslu fái aukið vægi í starfi skólans	NK-1-1	<ul style="list-style-type: none"> <li>Tryggja fjölbreytni í kennsluháttum og við námsmat</li> </ul>	A
	NK-1-2	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hvetja til og auðvelða upptöku kennslustunda</li> </ul>	A
	NK-1-3	<ul style="list-style-type: none"> <li>Úrvinnsla og eftirfylgni á niðurstöðum kennslukannana verði tryggð, meðal annars með aukinni samvinnu nemenda og kennara</li> </ul>	A
	NK-1-4	<ul style="list-style-type: none"> <li>Kanna möguleika á að bjóða upp á þverfaglegar færniúðir í grunnnámi, stuðla að þverfaglegu klínísku námi, hefja teymisvinnu fyrir á námstímanum og fjölga þverfaglegum nemendaverkefnum</li> </ul>	A
	NK-1-5	<ul style="list-style-type: none"> <li>Tryggja að húsnaði til kennslu og náms henti fjölbreyttum kennsluháttum</li> </ul>	A
	NK-1-6	<ul style="list-style-type: none"> <li>Efla þátttöku í kennslukönnunum, gera þær hnitmiðaðri og einfaldari og þær taki einnig til verknáms og klíníks náms</li> </ul>	B
	NK-1-7	<ul style="list-style-type: none"> <li>Bjóða upp á kennslufræðilegt hlaðborð og meta árangur kennsluaðferða, kynna betur kennslufræðinámskeið fyrir kennurum og auka hvata til að sækja slík námskeið</li> </ul>	B
	NK-1-8	<ul style="list-style-type: none"> <li>Samnýting á stjórnáskilningi og kennslu milli sviða og deilda verði aukin</li> </ul>	B
	NK-1-9	<ul style="list-style-type: none"> <li>Gera úttekt á uppskiptingu námsbrauta á sviðinu í þeim tilgangi að styrkja þær faglega, gera sjálfstæðari og sýnilegri</li> </ul>	B
	NK-1-10	<ul style="list-style-type: none"> <li>Samræma námslegar og fjárhagslegar kröfur vegna samkennslu</li> </ul>	B
Hlutfall nemenda á kennara lækkað til að auka gæði náms og kennslu og draga úr vinnuálagi á kennara	NK-2-1	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fjölga akademískum stöðum og stuðla að aukinni þátttöku nemenda í kennslu annarra nema</li> </ul>	A
Aukinn stuðningur við grunnnám	NK-3-1	<ul style="list-style-type: none"> <li>Efla samfellu og flæði innan og á milli námskeiða í grunnnámi með því að nýta samvinnu og reynslu kennara</li> </ul>	A
	NK-3-2	<ul style="list-style-type: none"> <li>Kanna möguleika á sameiginlegu grunnnámi í heilbrigðisvísindum fyrstu 1-2 háskólaárin</li> </ul>	B
	NK-3-3	<ul style="list-style-type: none"> <li>Stuðla að því að nemendur á HVS fái kennslu í rekstri og stjórnun heilbrigðiskerfa</li> </ul>	B
	NK-3-4	<ul style="list-style-type: none"> <li>Efla kennslu í siðfræði á HVS</li> </ul>	B
Meistaránám styrkt sem sjálfstætt námsstig og umgjörð, innviðir og alþjóðleg tengsl námsins eflid	NK-4-1	<ul style="list-style-type: none"> <li>Meta hvort enduskoða þurfi mat á vinnuframlagi vegna leiðbeiningar í MS verkefnum</li> </ul>	B
	NK-4-2	<ul style="list-style-type: none"> <li>Efla samfellu og flæði innan og á milli námskeiða í meistaránámi með því að nýta samvinnu og reynslu kennara</li> </ul>	B
Umgjörð doktorsnáms styrkt og stuðningur við leiðbeinendur og nemendur aukinn	NK-5-1	<ul style="list-style-type: none"> <li>Efla kynningu á styrkjum til doktorsnáms innan HVS og kannaðar leiðir til að auka framboð þeirra</li> </ul>	A
	NK-5-2	<ul style="list-style-type: none"> <li>Stuðningur við doktorsnema og leiðbeinendur verði aukinn</li> </ul>	A
Auka tækifæri nemenda til þátttöku í alþjóðastarfi	NK-6-1	<ul style="list-style-type: none"> <li>Bæta aðgengi til skipti- og starfsnáms og efla þátttöku í alþjóðasamstarfi</li> </ul>	A

## 2. Rannsóknir

Markmið	Nr.	Aðgerðir	Forgangur
Rannsóknainnviðir eflir með tryggri fjármögnun, öflugum rekstri og skilvirkri samnýtingu	R-1-1	<ul style="list-style-type: none"> <li>Bæta innviði rannsóknastofnana, þörf rannsakenda og faglegra eininga fyrir rannsóknainnviði greind og þeir eflir, heilsubrunni og þátttakendabrunni komið á fót</li> </ul>	A
	R-1-2	<ul style="list-style-type: none"> <li>Undirbúningur að Heilbrigðisvísindastofnun að fyrirmynd Mennta-, Raunvísinda- og fleiri stofnana sem tengja þverfagleg vísindastörf, atvinnulíf (klíník) og kennslu</li> </ul>	A
	R-1-3	<ul style="list-style-type: none"> <li>Þróa einstaklingsmiðaða tölfræðiráðgjöf og kynna hana betur</li> </ul>	B
	R-1-4	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skoða stuðning HVS við rafrænar birtingar, prófarkalestur og samninga milli bókasafns og helstu útgefenda heilbrigðisvísinda</li> </ul>	B
	R-1-5	<ul style="list-style-type: none"> <li>Endurskoða, hagræða og þróa samræmdar leiðir í innkaupum vegna rekstrar og tækjakaupa</li> </ul>	B
	R-1-6	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skoða fýsileika á að stofna efna- og raðgreiningarsetur HÍ</li> </ul>	B
Árangur og gæði rannsóknastarfs metin á grundvelli fjölbreytts framlags til þekkingarsköpunar og mismunandi birtingarhefða	R-2-1	<ul style="list-style-type: none"> <li>Stuðla að því að matskerfi HÍ taki tillit til starfa í þágu samfélagsins</li> </ul>	B
	R-2-2	<ul style="list-style-type: none"> <li>Stuðla að endurskoðun á mati á rannsóknum í kjölfar úttektar á matskerfi opinberu háskólanna og hafa reglulegt samtal um hvernig megi bæta matskerfið</li> </ul>	B
Nýliðun í rannsóknum efld og markvisst stutt við unga rannsakendur	R-3-1	<ul style="list-style-type: none"> <li>Auka aðgengi grunnema að þátttöku í rannsóknum</li> </ul>	A
	R-3-2	<ul style="list-style-type: none"> <li>Leggja áherslu á að fjölga akademískum stöðum og stuðla að því að nýjir akademískir starfsmenn fái kennsluafslátt í upphafi ferils síns við HÍ</li> </ul>	B
Framsækið alþjóðlegt samstarf	R-4-1	<ul style="list-style-type: none"> <li>Vinna með stjórnvöldum að stofnun heilbrigðisvísindasjóðs (rannsóknasjóðs/samkeppnissjóðs) sameiginlega fjármögnuðum af ráðuneytum menntamála, heilbrigðismála, félagsmála, nýsköpunar o.fl.</li> </ul>	A
	R-4-2	<ul style="list-style-type: none"> <li>Rannsakendur studdir sérstaklega til sóknar í erlenda samkeppnissjóði og ferðastyrkjum komið á innan HVS til að aðstoða fólk við að taka þátt í stórum alþjóðlegum verkefnum</li> </ul>	A
	R-4-3	<ul style="list-style-type: none"> <li>Stuðla að endurskoðun verklags við nýtingu rannsóknafjár HÍ svo það styðji sem best við alþjóðasamstarf</li> </ul>	B
Nýsköpun og hagnýting rannsóknaniðurstaðna efld á öllum fræðasviðum	R-5-1	<ul style="list-style-type: none"> <li>Átak til að efla miðlun rannsóknarniðurstaðna til gagns fyrir samfélagið</li> </ul>	B
	R-5-2	<ul style="list-style-type: none"> <li>Átak til að auka vitund rannsakenda um nýsköpun og mögulega hagnýtingu hugverka og kanna kosti þess að tengjast þverfræðilegri námsleið í nýsköpun við FVS og VON</li> </ul>	B
	R-5-3	<ul style="list-style-type: none"> <li>Halda kynningar um einkaleyfi og farveg fyrir einkaleyfaumsóknir</li> </ul>	B
Stuðningur við styrkjasókn og stjórnun rannsóknaverkefna aukinn og sniðinn að þörfum rannsakenda	R-6-1	<ul style="list-style-type: none"> <li>Meta hvort endurskoða þurfi kennsluafslátt vegna stórra rannsóknaverkefna</li> </ul>	B
	R-6-2	<ul style="list-style-type: none"> <li>Auka sérhæfða þjónustu við styrkþega vegna umsýslu og reksturs rannsóknaverkefna</li> </ul>	B
Deildir og námsleiðir samþætti markvisst rannsóknir og kennslu	R-7-1	<ul style="list-style-type: none"> <li>Stuðla að því að kennarar kynni eigin rannsóknir í grunnnámi og hvetji nemendur til þátttöku í innlendum ráðstefnum</li> </ul>	B
	R-7-2	<ul style="list-style-type: none"> <li>Kanna möguleika á auknum sveigjanleika starfshátta á milli kennslu, rannsókna og stjórnunar</li> </ul>	B

### 3. Virk þátttaka

Markmið	Nr.	Aðgerðir	Forgangur
Háskólinn sé leiðandi afl í frampróun samfélagsins sem vettvangur nýrra hugmynda og lifandi samstarfs rannsakenda, nemenda, atvinnulífs, stofnana og þjóðlífs	VP-1-1	<ul style="list-style-type: none"> <li>HVS styðji uppbyggingu, fjölbreytilegt umhverfi fagaðila og gott viðhald sjúkrahúsa, heilsustofnana og heilsugæsla</li> </ul>	A
	VP-1-2	<ul style="list-style-type: none"> <li>Stuðla að áframhaldandi samstarfi nemenda og rannsakenda við atvinnulíf, stjórnvöld og stofnanir</li> </ul>	B
	VP-1-3	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skilgreina eðli, umfang og ábyrgð deilda HVS á símenntun starfsstétta</li> </ul>	B
	VP-1-4	<ul style="list-style-type: none"> <li>HVS styðji uppbyggingu Vísindagarða og skoði frekara samstarf við rannsóknasetur HÍ á landsbyggðinni</li> </ul>	B
	VP-1-5	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hollvinastarf skipulagt til að styrkja tengsl við núverandi og fyrrverandi nemendur og aðra velunnara skólans</li> </ul>	B
Margvísleg vísindamiðlun nýtt til að örva áhuga og þekkingu á vísindum, stuðla að hagnýtingu þeirra og efna til fjölbreytts vísindasamstarfs	VP-2-1	<ul style="list-style-type: none"> <li>Alþjóðlegum fræðimönnum sem sækja skólann heim sé boðið að halda opin erindi við HÍ og eiga samtal við stúdenta og starfsfólk</li> </ul>	B
	VP-2-2	<ul style="list-style-type: none"> <li>Efla leiðir til að koma fræðslu, vísindaniðurstöðum og nýsköpun á sviðinu á framfæri við almenning meðal annars til að auka vísindalæsi</li> </ul>	B
	VP-2-3	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hvetja til þess að starfsfólk HVS taki þátt í umræðu um brýn samfélagsmál sem snúa að heilbrigði landsmanna</li> </ul>	B
	VP-2-4	<ul style="list-style-type: none"> <li>Kannað verði aukið samstarf við Endurmenntun HÍ til að efla þekkingarmiðlun til almennings</li> </ul>	B
Fjölbreyttum aðferðum beitt til að sérfræðiþekking Háskólans nýtist við ákvarðanir sem varða stefnumörkun, samkeppnishæfni og farsæld samfélagsins	VP-3-1	<ul style="list-style-type: none"> <li>Rannsóknaniðurstöður sem geta haft áhrif á stefnumarkandi ákvarðanir samfélagsins kynntar fyrir ráðuneytum, undirstofnunum, bæjarfélögum o.fl.</li> </ul>	B
	VP-3-2	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skapa vettvang fyrir starfsfólk og nemendur til að koma með hugmyndir að því hvernig heilbrigðisvísindi geta komið að brýnum viðfangsefnum samtímans með rannsóknum og þekkingu</li> </ul>	B
	VP-3-3	<ul style="list-style-type: none"> <li>Vera í samvinnu við aðrar stofnanir um að greiða götu innflytjenda sem vilja nýta fagþekkingu sína í heilbrigðisvísindum hérlendis</li> </ul>	B
	VP-3-4	<ul style="list-style-type: none"> <li>Styðja við samfélagsverkefni og að nemendur geti komið að slíkum verkefnum á námsferlinum</li> </ul>	B
	VP-3-5	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skoða hvernig hægt er að veita stuðning við stofnun fyrirtækja upp úr rannsóknarverkefnum og auka samstarf við fyrirtæki á sviði líftækni, heilsu- og heilbrigðisþjónustu</li> </ul>	B
Frjótt og gagnkvæmt samstarf og samræða við fyrri skólastig	VP-4-1	<ul style="list-style-type: none"> <li>Efla samstarf við framhaldsskóla þannig að nemendur séu vel undirbúnir til að hefja nám í heilbrigðisvísindum og styðja kynningarstarf á HVS í skólunum</li> </ul>	A
	VP-4-2	<ul style="list-style-type: none"> <li>Efla tengsl við skóla sem útskrifa aðrar heilbrigðistéttir</li> </ul>	B

#### 4. Mannauður

Markmið	Nr.	Aðgerðir	Forgangur
Stjórnendur geri starfsfólki og nemendum kleift að samræma starfsskyldur og fjölskylduábyrgð	M-1-1	<ul style="list-style-type: none"> <li>Styðja nemendur í baráttunni um að námslán eigi að nægja til framfærslu svo þeir geti einbeitt sér að náminu</li> </ul>	A
	M-1-2	<ul style="list-style-type: none"> <li>Starfsemi HVS, s.s. skipulag funda, stundataflna og prófa verði skipulögð með hliðsjón af samþættingu starfs- og fjölskylduábyrgðar starfsmanna og stúdenta eins og kostur er</li> </ul>	A
Hvetjandi, umhverfisvænt og skemmtilegt starfsumhverfi sem stuðlar að heilbrigði og vellíðan starfsmanna og stúdenta	M-2-1	<ul style="list-style-type: none"> <li>Leitað verði leiða til að draga úr streitu á meðal starfsmanna og jafna vinnuálag</li> </ul>	A
	M-2-2	<ul style="list-style-type: none"> <li>Auka stoðþjónustu við kennara svo þeir geti einbeitt sér að kennslu og rannsóknnum</li> </ul>	A
	M-2-3	<ul style="list-style-type: none"> <li>Allir starfsmenn HVS fari í árlegt starfsmannasamtal</li> </ul>	B
	M-2-4	<ul style="list-style-type: none"> <li>Kanna möguleika á að meta störf sameiginlegra starfsmanna HÍ og LSH að fullu í starfsmati HÍ</li> </ul>	B
	M-2-5	<ul style="list-style-type: none"> <li>Stuðla að bættri vinnuástöðu og auknu fjármagni til endurnýjunar á tölum og tækjum</li> </ul>	B
	M-2-6	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hvetja til starfsþróunar innan stjórnáslu HVS, s.s. með endurmenntun og tilflutningi í starfi</li> </ul>	B
	M-2-7	<ul style="list-style-type: none"> <li>Efla starfsemi Fjöreggsins</li> </ul>	B
Uppbygging háskólasvæðisins stuðli að samheldnu háskólasamfélagi	M-3-1	<ul style="list-style-type: none"> <li>Samræma skipulag námskeiða með tilliti til kennslu, prófa, húsnæðis og álags</li> </ul>	A
	M-3-2	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hvetja Háskólann til að hafa reiðhjól fyrir starfsmenn og nemendur til að fara á milli bygginga</li> </ul>	B
Jafnrétti og fjölbreytileiki í fyrirrúmi við uppbyggingu háskólasamfélagsins	M-4-1	<ul style="list-style-type: none"> <li>Samræma reglur um nám, próf, sjúkra- og endurtektarpróf á milli deilda HVS og jafna aðstöðu nemendafélaga</li> </ul>	A
	M-4-2	<ul style="list-style-type: none"> <li>Í ráðningarferli akademískra starfsmanna verði tekið tillit til kennslufræðilegrar færni umsækjenda ekki síður en rannsóknarfærni</li> </ul>	A
	M-4-3	<ul style="list-style-type: none"> <li>Átak til að fjölga körlum í námi á HVS</li> </ul>	A
	M-4-4	<ul style="list-style-type: none"> <li>Jafnræði milli fræðagreina, tryggt verði að námsbrautir innan deilda hafi sama aðgang að umræðum og setu í nefndum</li> </ul>	B
	M-4-5	<ul style="list-style-type: none"> <li>Upplýsa nýja starfsmenn um réttindi, skyldur og bjóða þeim mentor</li> </ul>	B
	M-4-6	<ul style="list-style-type: none"> <li>Stuðla að jafnrétti og aðgengi erlendra nema hvað varðar upplýsingar og ýmsar úrlausnir</li> </ul>	B
	M-4-7	<ul style="list-style-type: none"> <li>Kynna betur samþættingu jafnréttissjónarmiða við kennslu</li> </ul>	B
Áhersla lögð á að efla stjórnun, gæðaferla og nýtingu upplýsingatækni	M-5-1	<ul style="list-style-type: none"> <li>Styðja við stjórnendur á mismunandi stigum (stjórnendum einstakra verkefna, fræðigreina, námsbrauta, deilda, o.s.frv.) með námskeiðum, erindisbréfum, leiðbeiningum og gátlistum</li> </ul>	B
	M-5-2	<ul style="list-style-type: none"> <li>Starf deildarforseta styrkt samkvæmt stefnu HÍ og deildarforsetar sækir árlega námskeið um stjórnun og samskipti</li> </ul>	B